

2. fundur Starfshóps um fátækt barna

5. desember 2022 kl. 16:00

Mætt: Kristjana Ósk Jónsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Soffía Ólafsdóttir og Linda Hrönn Þórisdóttir

1. Upplýsingar um innheimtu félagsgjalda hjá íþróttafélögum vegna barna efnaminni foreldra og ferli þess

Kallað var eftir því að fá upplýsingar um hvernig staðið er að því að greina ef barn býr við fjárhagslega erfiðleika og ekki séu greidd félagsgjöld fyrir viðkomandi barn hjá íþróttafélögum. Þátttaka í tómstundum er eitt af merkjum þess að kanna fjárhagslega stöðu foreldra því oft virðist sem tómstundir séu eitt það fyrsta sem fer af forgangslistanum þegar fjárhagur er takmarkaður. Starfshópurinn kallaði því til sín tvo lykilaðila sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar til að fá nánari upplýsingar um verklag og fleira.

Starfshópurinn fékk Stefán Þór Borgþórsson frá körfuknattleiksdeild Hauka og Elísabetu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, ÍBH, til þess að mæta á fundinn og fá frá þeim nánari upplýsingar um verklag innan íþróttahreyfingarinnar og þá umræðu sem hugsanlega hefur farið fram um þessi mál á þeim vettvangi. Þau fóru yfir það verklag sem er til staðar þar sem þau þekkja til og hvaða umræður hefur fram um þessi mál á þeirra vettvangi. Einnig komu þau með hugmyndir sem gætu orðið til þess að bæta verklag almennt í þessum málum hjá bæjarfélaginu. Starfshópurinn þakkar þeim fyrir kærlega fyrir komuna og þeirra framlag.

2. Umræður og næstu skref

- Soffía greindi frá því að fyrstu tvö árin eftir að fólk hefur fengið stöðu flóttafólks greiðir ríkið allan kostnað, líka varðandi tómstundir. Eftir tvö ár kemur höggið og þarf að leita fjárhagsaðstoðar. Viðmiðunartekjur eru ekki háar. Ef fólk kemur þá og segist ekki geta borgað gjöldin er þeim vísað í að semja við viðkomandi íþróttafélag.
- Í staðinn fyrir miðlægan pott ætti jafnvel að hækka tekjuviðmiðin. Hvetja tekjuhærri foreldra að borga æfingagjöld fyrir aðra eða setja í pott.
- Hvernig mælum við fátækt? Er hún miðuð við þá sem þurfa fjárhagsaðstoð? Er það þeir sem stunda ekki tómstundir? Öryrkjar með börn? Búseta, þeir sem eru á leigumarkaðnum?
- Þeir sem eru í stjórnnum íþróttafélögum voru jafnvel sjálfir í íþróttum og vita því að það er mikilvægt forvarngildi sem fæst með því að stunda íþróttir. En þarna erum við líka að missa af foreldrum sem þekkja ekki eins vel til mikilvægi íþróttaiðkunar.
- Greina næst stöðuna út frá skólum, skólamáltíðum og viðburðum á skólatíma. Senda spurningalista á alla grunnskóla bæjarins þar sem spurt er um verklag og aðgerðir.

Fundi slitið kl. 17:05

Fundargerð ritaði Linda Hrönn Þórisdóttir, formaður starfshópsins